


Aðalskipulag Snæfellsbæjar 1995-2015 Rifshöfn. Mælikvarði 1 : 10.000.




Deiliskipulag fyrir breytingu 1 : 2.000




## Greinargerð:

Deiliskipulagi Rifshafnar er breytt vegna fyrirhugaðra framkvæmda við grjótgarða, sjá einnig aðalskipulagsbreytingu. Núverandi innsigling að Rifshöfn er krókótt og þröng og dýpi er takmarkað. Hún er um 1.2 km að lengd og liggur nálægt stefnu NV til SA. Þar sem NA og SV áttir eru algengar þurfa skip oft að sigla inn með hliðarvind. Innsiglingin er því oft erfið, einkum frá Töskuvita inn að höfninni. Úrbætur skapa nýja og fjölbreytilegri notkunarmöguleika fyrir Rifshöfn. Nú geta allt að120 m löng skip farið um Rifshöfn og verður það óbreytt. Erfiðasta hluta innsiglingarinnar verður skýlt með um 500 m brimvarnargarði frá núverandi grjótgarði út undir Töskuvita. Jafnframt verður byggður nýr um 300 m sandfangari úr fjörunni með stefnu á Töskuvita. Eftir þessar breytingar verður hafnarmynnið komið út undir Tösku. Þessi framkvæmd gjörbreytir aðstæðum, bætir innsiglingu og eykur öryggi. Auk þess myndast skjól fyrir fleiri skip, en nú eru 4 stór línuveiðiskip gerð út frá Rifshöfn. Þá er lóðarmörkum breytt á Hafnargötu 9 og Melnesi 2 til að bæta fyrirkomulag við vigtun. Lóð nr. 5 við Smiðjugötu er breytt vegna breytts aðkomuvegar að frystihúsi á Hafnarbakka til að tryggja athafnasvæði á Hafnarbakkanum.

Sjá umhverfisskýrslu frá Árna Bragasyni á Línuhönnun vegna breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi, dagsett 14. apríl 2008.

Deiliskipulag þetta er unnið á uppréttan loftmyndagrunn frá Ísgraf ehf og Loftmyndum ehf.

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð skv. lögum nr. 73/1997, var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar hinn 29/4 2008

# Breytt deiliskipulag Rifshafnar, Snæfellsbæ. Mkv. 1 : 2.000.


HÚS OG SKIPULAG, BOLHOLTI 8, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 511 1099, husogskipulag@simnet.is
Hildigunnur Haraldsdóttir F.A.Í. kt.080654-4219
Sverrir Ásgeirsson hönnuður


Dags. 14.04.2008.